



SJÁLFBÆRNISTEFNA TERRA UMhverfisþjónustu

Stuðlum að sjálfbærni

skiljum ekkert eftir – vinnum saman – deilum þekkingu

Hlutverk okkar hjá Terra umhverfisþjónustu hf. er að koma efnum sem flæða í gegn hjá okkur í réttan farveg og sem mestu aftur í hringrásina á umhverfsvænan hátt. Þannig viljum við stuðla að sjálfbærara samfélagi ásamt því að bæta umgengni við jörðina, veita starfsfólki okkar heilbriggt og öruggt starfsumhverfi og styðja við viðskiptavini okkar að ná sem mestum árangri í umhverfsvænni úrgangsstjórnun. Við viljum auk þess vera til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum og hafa þannig jákvæð áhrif á okkar hagaðila og virðiskeðju.

Með sjálfbærnistefnu þessari lýsir Terra umhverfisþjónusta því yfir að það ætli sér á ábyrgan hátt að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð áhrif á samfélagið og auka þau jákvæðu. Við erum stór hluti af virðiskeðju fjölmargra fyrirtækja og getum því haft jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið, og þannig hringrásarhagkerfið bæði hérlendis og erlendis.

Tilgangur stefnunnar er að skilgreina markmið og megináherslur Terra umhverfisþjónustu þegar kemur að sjálfbærni. Sjálfbær þróun miðar að því að fullnægja þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að fullnægja sínum þörfum. Litið hefur verið til þriggja stoða þegar kemur að sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfislegir og félagslegir þættir og stjórnarhættir. Stefnan tekur mið af þeim þáttum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stefnan er ekki tæmandi og er studd af öðrum stefnum og reglum félagsins, þá sérstaklega umhverfis-, mannauðs-, jafnréttis- og jafnlaunastefnu, siðareglum, öryggis- og gæðastefnu. Árlega munum við gefa út sjálfbærnisráðgjafur og upplýsa hvernig rekstri okkar er háttað þegar kemur að sjálfbærnimálum félagsins og hver árangur okkar er í þeim málum.

UMhverfi

Betri umgengni við jörðina

Terra umhverfisþjónusta hefur metnað fyrir því að skilja ekkert eftir og við viljum hvetja og auðvelda Íslendingum að takast á við þá áskorun. Að skilja ekkert eftir er okkar þýðing á hugtakinu „Zero Waste“ og lýsir vel markmiðum okkar í endurvinnslu og meðhöndlun úrgangs. Því skiptir hringrásarhugsun og gagnsæi í allri virðiskeðjunni okkur máli og að starfsemi Terra umhverfisþjónustu hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið, hvort sem það tengist losun gróðurhúsalofttegunda, mengun frá starfsstöðvum, betri nýtingu auðlinda eða áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Við viljum líka auka gagnsæi í okkar virðiskeðju úrgangs og endurvinnsluefna, jafnt innanlands sem erlendis og beina sjónum okkar sérstaklega að því að upplýsa hvar efnin sem flæða um hjá okkur enda. Þannig vill Terra umhverfisþjónusta vera til fyrirmyndar í úrgangsmálum og endurvinnslu. Við ætlum meðal annars að:

- » Auka endurnýtingar/endurvinnsluhlutfall úrgangs viðskiptavina okkar gular
- » Setja okkur stefnu í loftslagsmálum og draga markvisst úr losun GHG (gróðurhúsalofttegunda)
- » Auka þekkingu starfsfólks á umhverfistengdum áhættum starfseminnar
- » Að flokkunarhlutfall rekstrarúrgangs Terra umhverfisþjónustu sé til fyrirmyndar

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Heilbrigt og öruggt starfsumhverfi & jákvæð áhrif á viðskiptavinum og samfélag

Terra umhverfisþjónusta leggur áherslu á að skapa heilbrigt og öruggt starfsumhverfi og hafa jákvæð áhrif á viðskiptavinum og samfélagið í heild. Starfsfólk okkar er ein af helstu auðlindum fyrirtækisins og er því heilsa og öryggi starfsfólksins í forgrunni. Við leggjum áherslu á að starfsfólk okkar hafi jöfn tækifæri innan fyrirtækisins og upplifi sig sem mikilvægan hluta af heildinni. Við veitum starfsfólki okkar starfsþjálfun og deilum þekkingu okkar á flokkun og úrgangsmálum svo við öll getum verið til fyrirmyndar. Hvað viðskiptavinum okkar varðar þá viljum við veita þeim framúrskarandi þjónustu, styðja þá í að ná árangri í umhverfisvænni úrgangsstjórnun og stuðla þannig að ánægðum viðskiptavinum. Við viljum einnig hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið sem við störfum í meðal annars í formi styrkja sem styðja við markmið okkar í sjálfbærni og nýsköpun í átt að hringrásarhugsun. Við ætlum að tryggja að:

- » Vinnuaðstæður séu öruggar og líkur á slysum séu lágmarkaðar
- » Allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og mismunun sé ekki liðin
- » Hlutverk starfsfólks séu skýr og starfsþjálfun regluleg
- » Þekking viðskiptavina á flokkun og úrgangsstjórnun aukist
- » Styrkir til nærsamfélagsins styðji við sjálfbærnimarkmið félagsins og nýsköpun

Stjórnarhættir

Góðir og ábyrgir stjórnarhættir

Stjórn Terra umhverfisþjónustu hefur það að markmiði að styðjast við góða stjórnarhætti sem styrki innviði fyrirtækisins og séu í samræmi við lög og reglur. Þar er meðal annars mikilvægt að bæði stjórnendur og stjórn fari með reglubundnum hætti yfir sjálfbærni tengda þætti bæði í starfsemi sinni og meðal birgja. Terra umhverfisþjónusta mun greina áhættu og tækifæri vegna þeirra og gefa árlega út sjálfbærnisráslu. Þá skal unnið að stöðugum úrbótum, sérstaklega í umhverfismálum fyrirtækisins og fylgja umhverfisstefnu. Við ætlum meðal annars að:

- » Framkvæma birgjamat með sjálfbærni að leiðarljósi reglulega
- » Framkvæma sjálfbærnistengt áhættumat reglulega
- » ISO 14001 vottun viðhaldið
- » ISO 9001 vottun viðhaldið
- » Gefa út sjálfbærnisráslu árlega

Ábyrgð og innleiðing

Forstjóri er ábyrgur fyrir sjálfbærnistefnu Terra umhverfisþjónustu. Markmið og lykilmælikvarðar eru í sífelldri þróun og skal stefna þessi og markmið hennar því yfirfarin árlega.

Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á innleiðingu sjálfbærnistefnu félagsins í daglegan rekstur þess og skulu stuðla að því að félagið nái settum markmiðum.

Samþykkt af stjórn Terra umhverfisþjónustu hf. þann 25. apríl 2023